

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2018



4. tbl. 21. árg.

**Hádegis tilboð**

**LÍTIL PIZZA**  
af matseðli og 0,333 cl gos 1.000 KR.

**MIDSTÆRÐ**  
af matseðli og 0,333 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Sumardagurinn fyrsti í Vesturbænum

## Glatt á hjalla við frístundamiðstöðina Tjörnina



Glatt var á hjalla við Frístundamiðstöðina Tjörnina við Frostaskjól á sumardaginn fyrsta sl. fimmtudag. Ýmislegt var í boði fyrir unga sem aldna og var gaman að sjá hversu margir létu sjá sig og tóku þátt í þeirri látlausu dagskrá sem þar var í boði.

Föndur var í boði Tjarnarinnar. DR. bike kom og yfirfór hjól fyrir sumarið, Sirkus Ísland kom á svæðið og var með andlitsmálningu og Skátafélagið

Ægisbúar mættu og seldu kandý floss. Einnig var boðið uppá léttar veitingar sem engin lét fram hjá sér fara. Af öðru sem fram fór á sumardaginn fyrsta má nefna göngu um Hólavallagarð sem oft er kallaður gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu undir leiðsögn Heimis B. Janusarsonar garðyrkjumanns. Bjartsýnisbusi Neskirkju var í Vesturbæjarlauginni og ævintýrahöll barnanna var í Ráðhúsi Reykjavíkur.



**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIÐISTORGI**  
**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

- bls. 2  
**Melarapp í Selinu**

- bls. 8-9  
**Viðtal við Eypór Arnalds**

**Systrasamlagid**

Óðinsgata 1 - Reykjavík  
Sími: 511 6367

**Erum á Óðinsgötu 1**

Mán. - fös.: 10 - 18.  
Laugardagar: 11 - 16.

sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

**Driscoll's**  
Only the Finest Berries™

Bláber 300 gr. fata á 698  
Hindber 250 gr. askja á 598

**esther**

Jarðarber 250 gr. askja á 249

**Melabúðin**  
Þín verslun

Sími 551-0224

## Helgartilboð!

- helgina  
26. - 29. apríl  
- meðan birgðir endast

**Nautalundur** Nýja Sjáland

úr kjötborði 4998 kr/kg

**Lamba Prime-Rib**

úr kjötborði 3498 kr/kg

**Svínahnakki úrbeinaður**

úr kjötborði 1498 kr/kg





# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 21. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

# Melarapp í Selinu



JóiPé og Króli stigu á stökk og trylltu lýðinn.

Föstudaginn 20. apríl fóru fram tónleikarnir Melarapp í frístundarheimilinu Selinu við Melaskóla. Viðburðurinn var hluti af barnameningarhátíðinni í Reykjavík og er þetta í annað árið í röð sem Melarapp er haldið.

Í ár komu fram ungir rapparar; Ísak og Kári úr Hlíðaskóla og Sunna Dís úr Hagaskóla áður en JóiPé og Króli stigu á stökk og trylltu lýðinn. Tónleikarnir gengu frábærlega og héldu börn og foreldrar heim á leið eftir tónleikana með bros á vör. Töluverður fjöldi sótti tónleikana eða tæplega 500 manns.



## Breytingar í byggð og samgöngum

Svo virðist sem kosningar til borgarstjórnar á þessu vori ætli að einhverju leyti að snúast um einkabílinn. Um sjö áratuga skeið hefur hann verið áberandi í samgöngumálum í borginni og í nágrennasveitarfélögum. Skipulag byggðra svæða hefur lengstum miðast við notkun hans og minnir höfuðborgarsvæðið um margt á laustengdar eyjar og sepa en ekki heilsteypa borgarmynd. Svo rammt hvað að úthverfavæðingunni um tíma að í upphafi síðasta áratugar liðinnar aldar var rætt um að miðborgin væri í niðurníðslu. Þessa sér stað í fréttum blaða og greinum frá þeim tíma.

Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað hratt og mun fjölga umtalsvert á næstu árum og áratugum samkvæmt spám. Ljóst er að um ótakmarkað byggingarland er ekki að ræða á svæði sem umlukid er sjó á þrjá vegu og fjallgarða á hinn fjórða. Því er um tvennt að ræða. Annars vegar að þetta bygg líkt og unnið hefur verið að á undanförunum árum auk þess að nýta önnur óbyggð landsvæði. Hins vegar að skipuleggja borgarsvæði utan núverandi byggða og þá vakna spurningar um hvar þau ættu að vera.

Mikil fjölgun íbúa og þétting byggðar – líka í útbyggðum borgarinnar kallar á breyttar umferðavenjur til lengri tíma. Færri einkabílar miðað við fólksfjölda komast fyrir á samgönguæðum. Hvort sem menn vilja mæta þessum vanda með breytingum á núverandi kerfi almenningsamganga eða auka við það með leiðum sem ekki lúta lögmálum annarrar umferða er ljóst að við þessum vanda verður að bregðast. Því er eðlilegt að þetta mál komi til umræðu í aðdraganda sveitarstjórnakosninga á höfuðborgarsvæðinu. Einkabíllinn verður ekki jafn áberandi í samgöngum næstu ára og áratuga og verið hefur um lengri tíma.

## Byrjað á hóteli við Lækjargötu í sumar

Gert er ráð fyrir að vinna við byggingu hótels Íslandshótels við Lækjargötu geti hafist á komandi sumri. Byggja á fimm hæða 103 herbergja hótél á lóðinni við Lækjargötu 12 ásamt bílakjallara fyrir 20 bíla undir nýbyggingunni.

Félagið hefur einnig fengið leyfi til þess að endurgera gamla VR-húsið við Vonarstræti 4 og innrétta þar 15 herbergi. Verkið hefur tafist verulega sökum þess að fornleifar fundust á lóðinni við Lækjargötu árið 2015 sem tók tíma að rannsaka. Ætlunin er að hafa fornleifarnar sýnilegar í hinni nýju byggingu en útfærslan á hvernig því verður háttað er enn í vinnslu. Þetta er viðkvæmur staður í hjarta borgarinnar og margir hafa haft skoðun á því hvernig standa ætti að endurbyggingu hans.



Hótél Íslandshótél við Lækjargötu eins og það mun koma til með að líta út séð frá norðri. Teikning/Atelier arkitektar.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Vesturbæingar



Nú þarf maður að fara að losa sig við bílinn.


# Alhliða þjónusta frá fagmönnum

- Málningarvinna
- Múrvinna
- Smíðavinna
- Glerskipti
- Þakmálun
- Sandspörtun

Snyrtimennska  
og vönduð vinnubrögð

---

[mennogmalning@gmail.com](mailto:mennogmalning@gmail.com)  
S: 7798193





# Ég finn fyrir fortíðinni hér

- segir Júlía Hvanndal Einarsdóttir sem rekur kaffi- og veitingastað í Safnahúsinu við Hverfisgötu - einu sögufrægasta húsi landsins

Júlía Hvanndal Einarsdóttir setti á stofn veitingastað í Safnahúsinu við Hverfisgötu fyrir rúmu ári. Upphaflega var efnt til veitingarekstur þar um aldamótin þegar þau söfn sem áttu sér samastað höfðu fengið framtíðar húsnæði og aðstöðu annarsstaðar. Þá var leitað eftir nýju hlutverki fyrir þetta sögufræga hús og niðurstaðan var sú að tengja það þjóðmenningu. Húsið fékk heitið Þjóðmenningarhús þar sem ýmsir gripir í þjóðareigu voru hýstir auk þess sem húsinu var fengið hlutverk sýningarhúss og funda- og ráðstefnustaðar. Þjóðmenningarhúsið var starfrækt sem sjálfstæð stofnun til 1. júní 2013 þegar Þjóðminjasafn Íslands tók við starfsemi og húsið fékk aftur sitt gamla heiti Safnahúsið. Kaffi tár annaðist rekstur kaffihúss um tíma en eftir að það hætti starfsemi var auglýst eftir nýjum rekstraraðila. Og þá kom Júlía til sögunnar.

Júlía er ættuð úr Keflavík en fædd í Danmörku þar sem foreldrar hennar bjuggu um tíma. “Ég er eiginlega samsett úr mörgu eins og reyndar margir Íslendingar. Ég af Suðurnesjum á ættir norður til Skagafjarðar, hef tveggja tíma tengsl við Danmörku, búin að vera mikið þar og nú er ég orðin Vesturbæingur þar sem ég hef verið að meira eða minna leyti undanfarin ár. By vestur undir Héðinshúsi í miklum rólegheitum en nú er ég farin að finna meira og meira fyrir áhrifum ferðapjónustunnar. Einkum eftir að hafist var handa um að breyta Héðinshúsinu fyrir hótellekstrur.”

## Langaði alltaf að fara í eitthvað sjálfstætt

En aftur að veitingarekstrinum. Hvernig Júlía kom til hugar að byggja upp veitingastað í þessu þjóðlegasta og einu sögufrægasta húsi landsins. Hún kveðst lengi hafa velt fyrir sér að fara út í eitthvað þess háttar og finna sér sína eigin fjöl. Fara í eitthvað sjálfstætt. “Ég er grafískur hönnuður að mennt en hef alltaf haft afskaplega gaman af því að elda og stússast í matargerð og bakstri. Þetta er auðvitað svoltið annað en hönnunin en þegar ég frétti af þessu fór ég af stað. Kunningi minn hafði séð auglýst eftir aðila til þess að koma á fót veitinga- og kaffistað í Safnahúsinu eftir að Kaffi tár hætti starfsemi þar. Hann sendi mér slóð á auglýsinguna sem var á netinu. Ég skoðaði hana og það var ekki eftir neinu að biða. Ég nýtti mér svona aðeins kunnáttu mína í grafískri hönnun og bjó til að

mér fannst glæsilega umsókn. Og hún virkaði. Það var haft samband við mig ég hér er ég búin að vera í rúmt eitt ár. Það er svo margt sem mig hefur langað til og langar til að gera en nú er ég búin að taka kaffihúsið af löngunarlistanum. Það er orðið að veruleika. Ég held að maður geti gert allt sem mann langar til. Það þarf bara að hafa óbilandi áhuga og vilja. Langa nógu mikið til þess að gera það. Ég fór svoltið eftir þessari hugsun þegar ég sótti um veitingastaðinn hér í Safnahúsinu.”

## Nota gamla matreiðslubók og uppskriftir frá ömmu

Þegar tíðindamann þar að garði hjá Júlíu var hún að opna enda klukkan um 10 fyrir hádegi en staðurinn er opinn frá 10 til 17 eða þar til húsinu er lokað á hverjum degi. Greinilegt var þó að starfsdagur Júlíu var ekki að hefjast. Myndarlegt borð með margbreytilegum veitingum, barinn klár og búið að kveikja á kaffivélinni og hrærivél in fullum gangi. Fyrsta verk viðmælandans var að renna Kaffi Amerikano í bolla. Þú ert ekki að mæta í vinnuna núna – var fyrsta spurning dagsins. Hvenær kemurðu til að undirbú daginn. Júlía segir það aðeins misjafnt en yfirleitt vakni hún snemma. “Ég er yfirleitt ein hér á morgnana og þarf þá að vera búinn að undirbúa eitt og annað áður en gestirnir fara að koma. Ég baka allt sjálf er með ýmsar mismunandi uppskriftir.” Hún dregur fram nokkuð lúna matreiðslubók. “Veistu að ég nota þessa mikið og er svo með með uppskriftir frá ömmu. Kökurnar hennar fá nýtt líf hjá mér og mín reynsla er að gestirnir kunna að meta þær.” Júlía er með léttu rétti sem henta vel sem morgunmat en svo er hádegið aðaltími dagsins. Þá er ég með ýmislegt gott og girnilegt í boði þótt ég segi sjálf frá. En auðvitað er þetta mikil vinna. Ég gekk alveg að því vísu fyrir fram og ég hef ekki verið mikið með aðkeypta starfskrafta. Ég hef ekki átt margar fríhelgar frá því ég opnaði hér. En ég hef lokað á mánuðögum. Annars héldi ég þetta tæpast út með ekki meira af starfsfólki en ég er. Dóttirin fær þá líka frí í leikskólanum og við mæðgurnar höfum stelpudag.

## Galdurinn er að bjóða það sem fólki líkar

Og viðskiptavinirnir. Hvaðan koma þeir. Áttu fastan kúnnahóp. “Ég kom með nýtt konsept hingað inn. Nokkuð sem mér fannst passa við húsið, sögu þess og þá



“Ég held að maður geti gert allt sem mann langar til. Það þarf bara að hafa óbilandi áhuga og vilja,” segir Júlía Hvanndal Einarsdóttir sem þarna er á bak við borðið í kaffihúsi sínu í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

starfsemi sem þar er. Ég breytti líka innréttingunni aðeins. Lét þússa upp gamlar hurðir sem voru í geymslu niðri í kjallara en höfðu verið hér áður. Já - kúnnahópurinn hefur verið að myndast og er farin að stækka. Svo er líka mikið af viðburðum í húsinu bæði sýningar, fundir og aðrir viðburðir og margt fólk kemur af þeim sökum. Og bærinn er fullur af ferðamönnum. Þetta er svona þrískipt. Fasti hópurinn, fólk sem kemur hingað



Júlía leggur áherslu á vandaðar og fallega skreyttar kökur. Sæl-gæti með kaffinu.

vegna sýninga og viðburða og langar til þess að setjast niður og fá sér kaffi eða eitthvað í svaginn í leiðinni og síðan er ferðafólkið. Galdurinn er að bjóða það sem fólki líkar.”

## Fortíðin og sagan er alls staðar

Umhverfið er sérstakt. Eitt þekktasta hús landsins. Eitt af kennileitum borgarinnar. Hús sem



Júlía kveðst bæði nota gamla matreiðslubók og uppskriftir frá ömmu sinni. Hér er kryddkan hennar ömmu eins og Júlía kemst að orði.

geymir ekki aðeins gersemar heldur einnig mikla sögu og menningu og hýsir menningarlega viðburði. Finnur Júlía fyrir fortíðinni hér. “Já heldur betur. Fortíðin og sagan er hér alls staðar. Það þarf ekki annað en að ganga um húsið til þess að finna söguna. Hver salur og hvert skot á sína sögu. Skrifstofa landsbókavardanna frá því í byrjun síðustu aldar. Hornið þar sem Grímur M. Helgason handritafræðingur sat og rýndi í öldruð fræði. Faðir Vigdísar rithöfundar og Gríms löggju. Jafnvel kjallarinn er ekki undanskilin. Þetta er líka byggt á erfiðum tíma þegar Íslendingar áttu minna en ekki neitt annað en stolt og hugsjónir. Töldu sig þurfa að eiga eitthvert menningarlegt og byggingarsögulegt þjóðarstolt.” Júlía sækir bók sem gefin var út í tilefni þess þegar húsið var endurgert eftir að söfnin voru flutt á burt og efnt til Þjóðmenningarhúss. Þar er merk saga þess skráð í máli og myndum. Allt frá fyrstu dögum til þess að unnið var við endurgerðina. “Ég vissi að verið var með hugmyndir að stað sem myndi rýma við þessa sögu - passa í húsið. Þegar það var endurgert var hugað að öllu. Öllum smáatriðum var sinnt. Ég var því strax með þessa sögu og hlutverk í huga þegar ég fór að hanna veitingahúsið. Fór að lesa mér til og reyna að sjá fortíðina fyrir mér. Ég held að mér hafi tekist það. Kannski er ég bara svona gömul í mér. Hafi fæðst gömul kona.” Júlía minnst þess að á einhverjum tíma hafi komið upp hugmynd um að hrauna húsið að utan. Eins og Þjóðleikhúsið. Sú hugmynd mun hafa fæðst vegna þess hversu mikið fok safnaðist utan á það. Það virkaði oft skítugt og engin háþrýsttæki voru til þess að þrifa það á þeim tíma. Það var mikið verk fyrir mann í stiga með kúst í hendi að skrúbba allt þetta hús. Einkum þegar veður voru hörð og rykið þyrklaðist upp af ómalbikuðum götum. Júlía segir að sem betur fer hafi menn ekki látið verða af þessu. Húsið hafi sinn stíl og það sem fyrir innan sé þurfi að falla að stíl þess og sögu.

## Andinn er sérstakur

Hefur Júlía orðið vör við draugagang. “Nei ekki ég sjálf en ég hef heyrt sögur um að draugur búi í húsinu. En hann hefur látið mig í friði. Alla vega enn sem komið er. En andinn í húsinu er sérstakur og ég heyrir að margir gestir tala ákaflega vel um það og hvað þeim finnst gott að koma hér. Þess má geta að nú hefur Júlía opnað pöntunarþjónustu þar sem panta má kökur og meðlæti með kaffinu. Pöntunarþjónusta er á heimasíðu hennar [www.juliaogjulia.com](http://www.juliaogjulia.com)

## FERSKUR FISKUR

## DAGLEGA

## MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





# Skemmtileg sumarferð á dagskrá

- ætlum að nýta góða veðrið í sumar segir Siri verkefnastjóri á Aflagranda

Farið er að vora í félagsstarfinu á Aflagranda rétt eins og í náttúrunni. Léttir nokkuð yfir félagsstarfinu. Sumir fastir vetrarliðir fara í sumarhvíld en annað tekur við. Nú er verið að undirbúa vorferð félagsstarfseminnar sem verður með nokkuð öðrum hætti en undanfarin ár.

„Við ætlum að leggja aðeins meira í ferðina og taka okkur heilan dag,“ segir Sigríður Guðný Gísladóttir eða Siri verkefnisstjóri á Aflagrandunum eins og flestir þekkja hana. „Hugmyndin er að efna í dagsferð en við erum ekki búin að skipuleggja hana í smáatriðum. Við höfum verið að hlusta eftir áhuga fólks – hvernig það vildi haga ferðinni og hvort það hefði einhverja ákveðna staði í huga. Við urðum þess fljótt áskynja að áhugi væri fyrir lengri ferð og fljótlega var ákveðið að fara um Hvalfjörð, koma við á Akranesi og fara jafnvel á fleiri staði sem enn er ekki alveg ákveðið. Við ætlum ekki að fara um þá staði þar sem flestir ferðamenn fara heldur kjósa meir rölegheit og þá er Hvalfjörðurinn upplagður. Eftir að Hvalfjörðargöngin voru byggð fara fáir þar um aðrir en þeir sem búa þar, eiga sumarhús eða önnur erindi í sveitina.“

## Ætlum að spila Boccia utandyra

Krafturinn í KR hefur gengið mjög vel og fjölgar alltaf heldur í hópnum. Siri segir að starfið



Siri verkefnastjóri í félagsstarfinu á Aflagranda segir hugmyndina að sumarferðinni koma frá fólkinu sjálfu.

breytist eitthvað yfir sumarið. Þjálfarinn fari í sumarleyfi og verði reynt að halda frjálsari tímum uppi. Vera eitthvað úti með fólkinu. Fara í Boccia utandyra þegar vel viðrar á Aflagrandanum. Að öðru leyti mun sumardagskráin ganga sinn vana gang og áhersla verður lögð á þægilegheit og léttleika. Með haustinu taka síðan nýir hlutir að gerast og nú eru í undirbúningi þrjú nýjungar sem of snemmt er að segja frá en munu líta dagsins ljós síðsumars. Nú er bókasjallíð komið aftur á dagskrá en Hrafn Jökulsson hefur séð um það frá því að Guðni Th. Jóhannesson

tók annað verkefni að sér og flutti til Bessastaða. Rétt er að taka fram að þótt sumarblær færast yfir félagsstarfið er opið á Aflagrandanum rétt eins og venjulega og allir velkomnir til þess að taka þátt í því sem er í boði eða bara til þess að spjalla saman, sýna sig og sjá aðra.

reykjavikrost.is



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

[www.n1.is](http://www.n1.is)

[facebook.com/enneinn](https://facebook.com/enneinn)

## Öruggari á Michelin dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á [www.n1.is](http://www.n1.is)



### Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel
- Gott grip við flest allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



### Michelin Primacy 4

- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar



### Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn á markaðnum í sínum flokki

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Alltaf til staðar

**N1**



Heiti potturinn

# Umsóknarfrestur um styrki er til 7. maí

Umsóknarfrestur um styrk úr Heita pottinum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum er til og með 7. maí nk. og má nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Heiti potturinn er sjóður sem styrkir opið félagsstarf í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum á starfssvæði Þjónustumiðstöðvarinnar.

Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.

Við upphaf verkefnis skrifar

styrkþegi undir samning um framkvæmd verkefnisins. Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar hefur verið byrjð á.

Markmið sjóðsins er að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbærnu félagsstarfi.

Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbærnu félagsstarfi.

Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbærnu félagsstarfi og að rækta félagsauð og auka fjölbreytni í opnu og sjálfbærnu félagsstarfi.



Sækja má um styrk til margvíslegra verkefna í Heita pottinn. Hér má sjá fólk við æfingar á Klambratúni.

# 101

REYKJAVÍK  
FASTEIGNASALA

www.101.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Fækkar innan Hringbrautar

Lítills háttar fækkun íbúa hefur orðið innan Hringbrautar. Íbúafækkun milli ára í rótgrónum hverfum heyrir þó til undantekninga en fækkun getur verið viðbúin vegna hinnar almennu langtímaþróunar um fækkun í heimili. Það er einkum í eldri úthverfum, austan Elliðaáa, sem greina má fækkun milli ára. Undantekningin frá þessu er í Efra-Breiðholti en þar er óvenju mikil fjölgun.

Fækkun íbúa á svæðinu innan Hringbrautar er aðeins lítilsháttar, 0,07% í Gamla Vesturbænum en 0,34% í Austurbænum. Það er athyglisvert í ljósi þess að margar íbúðir hafa verið nýttar til útleigu ferðamanna en nýbyggðum íbúðum á svæðinu, sem teknar hafa verið í notkun vegna mögulega á móti áhrifum skammtímaleigunnar fjölgar óverulega milli ára.



Melaskólinn í Vesturbænum. Knýjandi er að auka við rými Melaskóla. Yngri fólk sækir í Vesturbæinn.

Veitur hreinsuðu strandlengju Ægisíðunnar

# Strendurnar eiga alltaf að vera hreinar

Starfsmenn Veitna dótturfélags OR hreinsuðu fjöruna við Ægisíðu fyrir skömmu. Algengt er að þari safnist fyrir við ströndina í vestanáttum og einnig hafði orðið vart við skolpmengun en talsvert magn af skolpi rann í sjóinn á liðnu ári vegna bilunar í fráveitustöð sem vestanáttirnar hafa síðan skilað að landi.

Talsvert hefur verið rætt á facebook síðu Vesturbæinga um þrifnaðarmál Ægisíðunnar og ljóst að skolpmálið frá liðnu ári situr nokkuð fast í íbúum í Vesturbænum. „Allt krökkt af klósettpappír og dömubindum og börn þar að leik. Ótrúlegt að þeir sem bera ábyrgð á umhverfissýslu sinni verð þarna í vetur skuli ekki sjá sóma sinn í því að hreinsa til,“ mátti sjá í einni færslu. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi svaraði þessari færslu og lofaði því að Ægisíðan yrði hreinsuð. Í annarri færslu var bent á lagalega skyldu Veitna í



Unnið við hreinsun Ægisíðunnar.

þeim efnunum. Á ársfundi Orkuveitu Reykjavíkur sem er móðurfélags Veitna fyrir skömmu héldu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Bjarni Bjarnason, forstjóri

Orkuveitunnar báðir erindi þar sem þeir sögðu eitt af hlutverkum og markmiðum Orkuveitunnar vera að strendur yrðu alltaf að vera hreinar.

Ágætu íbúar í Vesturbæ Reykjavíkur

# Þjónustumiðstöð aðstoðar við að koma nágrannavörslu á fót

Eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum að undanförunn hefur verið töluvert fjallað um innbrot, hvort sem það er á heimili, í bíla eða aðrar eigur fólks.

Við hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða aðstoðum ykkur við að koma á nágrannavörslu ef áhugi er fyrir hendi. Vinsamlegast hafið þá samband við Hörð Heiðar Guðbjörnsson, verkefnisstjóra í síma 411-1600, eða á netfangið: sigridur.arndis.johannsdottir@reykjavik.is Nágrannavörsla hefur víða gefist vel og er nauðsynleg til þess að venda eigur fólks þegar það er á ferðalögum og hýbýli þess standa tóm.



# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



# Ateria – athyglisverð hljómsveit í Vesturbænum sigraði Músiktilraunir

“Ég mæli eindregið með að kakkar sem eru að fást við tónlist taki þátt í Músiktilraunum. Þótt þeir komist ekki áfram þá gefur þetta mikla reynslu, þetta er í fyrsta skipti sem við vorum þarna” segir Eir Ólafsdóttir ein meðlima hljómsveitarinnar Ateria sem sigraði Músiktilraunir 20. mars sl. Ateria er skipuð þremur ungum stúlkum sem allar hafa verið að fást við tónlist. Þær eru systurnar Ása og Eir Ólafsdætur og Fönn Fannarsdóttir. Systurnar eru búsettar í Vesturbænum og hafa æfingaaðstöðu í bílskúrnunum heima en móðir þeirra Anna Sveinsdóttir hefur lengi fengist við tónlist og staðið fyrir hljómsveit sem heitir Hellidemba. Hellidemba er kvennaband sem spilar aðeins frumsamin lög og flytur á tónleikunum þekkt lög sín í bland við aðra tónlist. “Hún hefur lengi notað bílskúrinn fyrir æfingaaðstöðu og því var skammt fyrir okkur að fara til þess að fá húsnæði.”

Ása stundar nám í gítar- og orgelleik. “Já – ég er að læra á hefðbundið klassískt orgel og er með gítarinn með. Eir systir er aftur á móti að læra á selló. Við höfðum verið að spila saman og fréttum svo af því að Fönn frænka okkar, sem er nokkru yngri en við væri farin að læra á trommur og því tilvalið að fá hana í hópinn. Við sofnuðum svo hljómsveitina á



Fönn, Ása og Eir eftir að hafa unnið músiktilraunir.

liðnu hausti.” segir Ása. En hvað eru þær að spila. “Við getum kallað það tilraunakennt pop en spannar alla leiðina frá klassík yfir í ritmíska tónlist. Við semjum sjálfar og ég hef aðallega fengist við textana,” segir Ása. Hún kveðst einkum skrifa um hluti sem hún þekki. Einkum hversdagsleikann en annars allt mögulegt. “Ég hef líka notað Völuspá sem grunn að textagerð.” Þær æfa reglulega einu sinni í viku fyrir utan að hugurinn

er stöðugt bundinn við tónlistina. “Við erum að semja. Tökum upp á símana og skoðum. Þannig vinnum við þetta áfram,” segja þær.

## Hugmyndir úr æðarbúskap

En hvaðan kemur nafnið Ateria. “Það er hluti af latnesku fræðiheiti æðarfuglsins sem er Somateria mollissima. Við höfum fengist svolítið við æðarrækt með ömmu okkar og afa sem búa norður í



Hljómsveitarinnar Ateria.

Miðfirði rétt við ósa Miðfjarðará. Þetta er ekkert stórbú í æðarræktinni. Svona um 100 hreiður en það er talsverð vinna að sinna þessu um varptímann á vorin,” segir Ása. Þær segja ýmis hljóð í náttúrunni og æðarfuglinn gefi frá sér sérstakt hljóð. Náttúruhljóðin gefi hugmyndir að tónlistarsköpun og þeim hafi fundist tilvalið að tengja þetta við hljómsveitina.

## Spila á Secret Solstice og Iceland Airwaves

En hvenær byrðu þær að

spila opinberlega. “Við vorum að hita upp fyrir Hellidemba, hljómsveitina hennar mómmu. Svo ákváðum við að taka þátt í Músiktilraunum. Í sumar og haust ætlum við að tak þátt í Secret solstice og síðan á Iceland Airwaves í haust. Við erum líka búnar að fá tíma í stúdíói og ætlum okkar að nýta hann. Annars er þetta óráðið. Það eina fyrir utan þetta sem er ákveðið er að halda áfram að spila og setja kannski lög inn á You Tube til að byrja með.”

Breytum borginni

D

Breytum borginni

Vesturbæingar!

Við höldum hverfisfund með frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í KR-heimilinu við Frostaskjól nú á miðvikudagskvöld, 2. maí, kl. 20.00.

Þar ætlum við að kynna kosningamálin, svara spurningum, hittast og tala saman. Bæði um málefni Vesturbæjarins og borgarinnar í heild.

Kaffi og kruðerí í boði og allir velkomnir!



# Vesturbærinn er sjálfbærasti hluti borgarinnar

**E**ypór Arnalds oddviti framboðs Sjálfstæðismanna við komandi borgarstjórnarkosningar segir að fasteignaskattar eldri borgara, 70 ára og eldri, verða lagðir niður óháð tekjum komist Sjálfstæðisflokkurinn til valda í borginni eftir kosningar. Eypór leggur einnig mikla áherslu á að minnka svifryk í borginni og síðast en ekki síst að brúa bil fæðingarorlofs og leikskóla. Eypór er fæddur í Reykjavík 1964 og ólst upp í Árbæjarhverfinu og síðar í Vesturbæ Reykjavíkur. Eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og burtfararpróf í sellóleik hélt hann til framhaldsnáms í tónsmíðum í Hollandi. Hann er einnig með MBA gráðu frá HR og hefur sótt framhaldsnám fyrir stjórnendur í hagfræði í Harvard. Eypór hefur starfað hjá ýmsum fyrirtækjum og tekið þátt í stofnun og rekstri annarra. Eypór fór snemma að láta sveitarstjórnarmál til sín taka. Hann var varaborgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 1998 til 2002 og sat í nokkrum nefndum borgarinnar. Árið 2006 skipti hann um vettvang og leiddi lista Sjálfstæðisflokksins í

Sveitarfélaginu Árborg til sigurs og einnig við kosningarnar 2010 þar sem listinn náði hreinum meirihluta. Hann var formaður bæjarráðs Árborgar á árunum 2010 til 2014. Nú er hann aftur snúinn til borgarinnar og leiðir lista Sjálfstæðisflokksins við komandi borgarstjórnarkosningar í Reykjavík. Segist eins og laxinn sem leiti í ána sína.

“Eypór segist fljótt hafa orðið Vesturbæingur þótt hann hafi verið kominn á fermingaráldur þegar hann fluttist þangað.“ Eg fór í Hagaskóla þar sem ég eignaðist vini og kunningja sem eru á meðal bestu vina minna í dag. Vesturbærinn er gamlgróinn borgarhluti og sá þeirra sem stendur næst því að vera sjálfbær. Þar hefur kaupmaðurinn á horninu lifað af miklar breytingar í verslunarrekstri – breytingar sem fólk er mis sátt við í dag og margir vilja endurvekjja og efla þá þjónustu sem það verslunarfyrirkomulag veitti. Það á ekki síst við um Vesturbæinga sem hafa þekkt þessa þjónustu um lengri tíma. Melabúðin á Hagamelshorninu á sér langa sögu og Pétursbúð er í næsta nágrenni við mig þar sem ég bý á Öldugötunni. Vesturbærinn er einnig þannig



Eypór Arnalds á göngutúr í Vesturbænum og hefur hitt kisu sem hefur tyllt sér á garðvegg.

upp byggður að auðvelt er af fara ferða sinna á tveimur jafnfljótum eða reiðhjól á milli staða. Stutt

er á milli staða og stofnana og miðborgin er í göngufæri. Vesturbærinn er byggð menningar

og sögu. Hann er einnig sjálfbærasti hluti borgarinnar.”

## 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



### Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðargetu, Sjónavarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

### Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

**INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.**

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bil og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

#### Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA ÁBYRGÐ**  
Afhentir í Reykjavík eða Egilsstöðum





## Nýr Vesturbær í Örfirisey

“Mikil uppbygging hefur átt sér stað á vestursvæðunum á undanförunum árum og ég vil sérstaklega nefna Örfiriseyna í því sambandi,” segir Eyþór. Þar hafa vaxið upp verslanir og veitingastaðir og umhverfið er orðið um margt mjög skemmtilegt. Þar er líka að finna mikla menningarstarfsemi. Má í því sambandi nefna Sjóminjasafnið og síðan Marshallhúsið þar sem gamalli sildarverksmiðju frá árum Faxaflóasíldar var breytt í aðstöðu fyrir listasöfn. Enn er þó nokkuð af ónumdu landi í Örfirisey og einnig atvinnuhúsnæði sem komið er til ára sinna. Ég álit að hægt sé að koma íbúðabyggð fyrir á þeim svæðum sem ekki hafa verið tekin undir þjónustu- og mennigartengda starfsemi. Þarna væri hægt að byggja íbúðarhúsnæði með minni einingum – um 40 fermetra íbúðum og síðan stærri jafnvel alveg upp úr. Ég tel að þarna mætti koma undirbúningsvinnu af stað nú þegar og hefjast síðan handa við byggingaframkvæmdir. Þarna gæti orðið rými fyrir allt að eitt þúsund einingar þegar fram í sækir eftir því hversu hátt yrði byggt – eiginlega nýjan Vesturbær.” Eyþór segir að þetta myndi auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð og einnig gefa eldra fólki sem vill fara að minnka við sig kost á að búa í skemmtilegu umhverfi. “Ég held að þetta sé besta leiðin til þess að koma til móts við þær þarfir að gefa fólki kost á minni einingum í nálægð við miðborgarsvæðið. Mín skoðun er að olíuhöfnin verði að fara en geri mér grein fyrir að það mun taka tíma. Finna þarf nýjan stað og einnig að skipuleggja hvernig olíuflutningum og dreifingu verður best háttað. Nú

er verið að taka nýtt skref með því að nota olíupramma til þess að fæða stærri skip með eldsneyti sem draga mun úr ferðum olíubíla um vestur- og miðborgina og ég held að menn verði fúsir til þess að horfa til breytinga af þessu tagi í framtíðinni. Hvað umferðina varðar þá byggja þessar hugmyndir á því að koma upp beintengingu á milli Örfiriseyjar og Sæbrautar þannig að hluti af umferðinni fari ekki í gegnum íbúða og þjónustubyggð á gamla hafnarsvæðinu.”

## Breyta þarf aðalskipulaginu

Eyþór hefur talað fyrir því að endurskoða aðalskipulag Reykjavíkur. “Já – það er alveg rétt. Ég tel að við verðum að leita eftir hagkvæmum svæðum til þess að byggja og þá ekki síst íbúðir á viðráðanlegu verði fyrir fólk sem er að festa kaup á fyrstu eign. Íbúðaverð hefur hækkað mikið að undanförunum og nú er svo komið að fólk er farið að sækja út fyrir borgarmörkin til þess að koma sér upp heimilum. Og þá ekki aðeins í nágrennasveitarfélögin heldur sækir fólk á Suðurnesin og upp fyrir Hvalfjörð. Jafnvel austur í Árborg þar sem ég þekki vel til og ekur á milli höfuðborgarsvæðisins og heimilis til vinnu. Tölvuvæðing og fjarvinnsla getur í einhverjum tilfellum auðveldað fólki búsetu fjarri vinnustað en það leysir ekki Reykjavíkurborg undan þeirri skyldu að skapa ungum fjölskyldum tækifæri til þess að búa í borginni og eignast húsnæði þar. Það er mikilvægt að halda jafnvægi innan borgarinnar. Við verðum að byggja á hagkvæmum stöðum í borginni og gæta þess að verð fari ekki úr böndunum. Fólk verður að geta eignast sína fyrstu íbúð í Reykjavík.

## Fasteignaskattur er of hár

Eyþór talar um að lækka þurfi fasteignaskatt á sama tíma og hagræða þurfi í fjármálum borgarinnar. Hvernig fer það saman. “Við þurfum að horfa til fasteignaskattsins. Hann er of hár í Reykjavík og við verðum að finna leiðir til þess að lækka hann. Og þetta þarf að gera samhliða því að vinna ofan af fjármálum borgarinnar. Skuldir borgarsjóðs hafa vaxið verulega að undanförunum - einkum fjórum síðustu árunum. Spyrja má hvernig þetta fari saman. Einn liður í því að lækka skuldir borgarinnar og draga úr álögum á borgarbúa á sama tíma er að hagræða í stjórnkerfinu sem hefur vaxið mikið á skömmum tíma. Ég réðst í sambærilegar aðgerðir í Árborg á sínum tíma með góðum árangri og þótt Reykjavíkurborg sé mun stærri eining gilda öll sömu lögmál þar.”

## Fjölga þarf leikskólarýmum og dagmæðrum

Eyþóri verður rætt um stöðu ungra foreldra í Reykjavík. Hann segir knýjandi að bæta aðstöðu þeirra. “Við verðum að fjölga leikskólarýmum og tryggja að öll börn sem náð hafa 18 mánaða aldri eigi kost á leikskóla. Þetta þarf að gera með því að efla leikskólana og fjölga faglerðu fólki. Við verðum einnig að styrkja dagmæðrakerfið og fjölga dagmæðrum. Það er mikilvægt að ungt fólk þurfi ekki að hverfa frá vinnu um lengri tíma vegna úrræðaleysis borgarinnar í leikskólamálu.”

## Áhersla á hreina borg

Eyþór hefur mikinn áhuga á umhverfismálum. Hann segir að vinna verði áfram á því sviði meðal annars með því að bæta flokkun á sorpi og draga úr urðun. Þetta megi gera með því að setja upp gáma fyrr mismunandi tegundir af rusli sem fólk hafi aðgang að. “Svo er það svifrykið sem hefur verið að angra okkur að undanförunum. Það liggur fyrir að hvetja þarf fólk til þess að nota rafmagnsbíla. Liður í því er að fjölga hleðslustöðum. Ég hef sjálfur ekið um á rafmagnsbíl að undanförunum og ætla mér ekki aftur að nota bensín eða dísilidriðið ökutæki. Ég tel að

við verðum að beita öllum skynsamlegum ráðum til þess að draga úr myndun svifryks. Það er ekki aðeins óþægilegt heldur einnig beinlínis hættulegt. Talið er að rekja megi um 80 dauðsföll á ári hér á landi til svifryks á sama tíma og tveir til þrjú látast af völdum umferðarslysa. Umferðin skiptir þarna miklu máli. Nagladekk spæna slitlag gatna upp og það er stórmál að hvetja til vistvænna samgangna. Við verðum að fara í átaksverkefni að þessu leyti líkt og þegar lagt var til atlögu við að hreinsa strandlengjuna. Við verðum að leggja áherslu á hreina borg.”



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**



Systrasamlagið

# Kíktu á boðefnabarninn!



## DRYKKIR Á BOÐEFNABARNUM

Þjóðum allskyns holla og heimagerða drykki og aðrar kræsingar á boðefnabar Systrasamlagsins sem næra djúpt.



## KRISTALSVATNS-FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Margar tegundir. Mögnuð gjöf.



## SLAKAÐU Á Í SUMAR

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu dýpra inn á við frínu. Líka í netsölu á [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## ORÐ Hafa ÁHRIF

Möntru armböndin eru frábært veganesti út í lífið. Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



## FATNAÐUR BySirrý

Sirrý Örvars er einn af okkar fremstu textilhönnuðum. Einstaklega fallega hannaður fatnaður hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
Ný heimasíða: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)  
[facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

Fylgstu með  
SLÖKUN Í BORG  
á [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

AFGREIÐSLUTÍMI:  
Mán. - fös.: 10 - 18.  
Laugardagar: 11 - 16.



Félagsmiðstöðvarnar í Vesturbæ

## Fjölbreytt sumarstarf fyrir 10 til 12 ára



Þessi mynd er ekki tekin í tjaldútilegu enda er hún framundan en engu að síður úr einni af frábærum ferðum á vegum félagsmiðstöðvanna.

Félagsmiðstöðvarnar 100og1, 105, Frosti og Gleðibankinn munu standa fyrir sameiginlegu fjölbreyttu starfi í sumar fyrir 10 til 12 ára krakka. Samtals verða 56 fjölbreytt tilboð í sumar þar á meðal smiðjur, opið starf fyrir 7. bekk og útilega.

Alls verða 39 smiðjur í boði á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 10.00 og 12.00 og lengri smiðjur á miðvikudögum milli kl. 13.00 og 16.00. Sjöundi bekkur fær sérstakar dagopnanir á þriðjudögum og fimmtudögum á milli kl. 13.00 og 16.00. Tjaldútilega verður farin 14. til 15. júní í um klukkustundar farlægð frá Reykjavík og hefst skráning kl. 10.00 16. maí á [sumar.fristund.is](http://sumar.fristund.is). Skrá þarf fyrir fram í allt sumarstarf félagsmiðstöðvanna. Þá má geta þess að Hofið verður með fjölbreytt starf alla virka daga fyrir fötlud börn frá 11. til 20. júlí og 7. til 21. ágúst.

## Gömlu öskuhaugarnir birtust

- Búseti fékk afslátt af lóðinni vegna gömlu öskuhauganna

Eins og lesa mátti í fréttum á dögnum varð Reykjavíkurborg að veita Búseta afslátt vegna lóðar við Keilugranda þar sem SÍF skemmurnar stóðu þar til fyrir skömmu. Vegna mengunar sem fannst undir skemmum var hætt við að róta við jarðvegi en þess í stað gripið til þess ráðs að reka niður steinstöpla til undirstöðu fyrir væntanlegar byggingar.

Astæða mengunarinnar er að þarna voru sorphaugar bæjarins til margra ára og muna margir borgarbúar sem komnir eru á virðulegan aldur eflaust eftir haugunum þar sem rusli var hent í námd við borgarmörkin austan Eiðisgranda. Ýmislegt fémmætt fór á haugana sem góðborgarar gátu gert sér mat úr. Þekktastur þeirra var Vesturbæingurinn

Pétur Hoffmann Salómonsson úr Selsvörinni sem stundaði söfnun á öskuhaugunum og seldi gripi sem hann fann þar svo í Austurstræti við vegginn á Útvegsbankahúsinu. Pétur kallaði öskuhaugana jafnan Gullströndina eins og lesa má í frétt frá 1957. Fleiri gerðu sér mat úr öskuhaugunum og orti borgarskáldið Tómas Guðmundsson eitt sinn um vorkvöld í Vesturbænum þar sem þessar ljóðlínur er að finna.

*En sóldaginn sumarlangan  
fer saltlykt og tjöruangan  
um ströndina víða vega.  
Úr grjótinu gegist rotta.  
Og gömlu bátarnir dotta  
í naustunum letilega.*

## Fundið fé á gullströndinni

Í dag opnar Pétur Hoffmann Salómonsson enn eina sýningu á gripum er hann hefur fundið í fjörunni hjá öskuhaugunum, — en þann stað eru margir nú farnir að nefna „gullströndina“, segir hann.

Á sýningu þessari verður mikið af silfurborðbúnaði, armböndum og hringjum, bæði úr silfri og gulli, sem Reykvikingar hafa týnt á sl. ári, og lent hafa á öskuhaugunum. — Þeir sem geta sannað eignarrétt sinn á einhverjum þessara gripa fá þá afhenta aftur, eins og venja Péturs hefur verið á undanföllum árum.

Þá mun Pétur einnig hafa á sýningunni málverk af hinni víðkunnu „orustu í Selsvör“.

Sýningin er í Listamannaskálanum og verður opin fram yfir helgina.

Auglýsing sem Pétur Hoffmann setti í blöðin árið 1957 þegar hann sýndi fundið fé af Öskuhaugunum í Listamannaskálanum.

Vesturbæjarblaðið

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK

Opið alla daga 9-23

[www.bikecave.is](http://www.bikecave.is) • Erum á Facebook

Sími: 770-3113



**Paleo - rétturinn okkar „Hellisbúinn“ hefur svo sannarlega slegið í gegn 😊**

**Hellisbúinn er fyrir þá sem kjósa að sneiða hjá hveiti og hvítum sykri.**

**Kiktu við og smakkaðu þennan nýja rétt á matseðli Bike Cave.**



10% AFSLÁTTUR gegn framvísun þessa miða



Meindýraþjónustan

Löggiltur Meindýraeyðir

Við losum þig við maðka og lýs úr garðinum

Hringdu í okkur í síma 776-9994 eða sendir okkur tölvupóst á [meindyr@eydirinn.is](mailto:meindyr@eydirinn.is) og við losum þig við óværunar

Gegn framvísun þessa miða bjóðum við þér

**10% afslátt** á þjónustu okkar

Við eitrum á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni

**Eitrum fyrir:**

Köngulóm  
Silfurkottum  
Hambjöllum  
Flóm  
Roðamaur

**Varnir gegn:**

Rottum  
Músum  
Veggjalús (Bed Bugs)

**Fjarlægjum:**

Geitungabú  
Starrahreidur

776 9994



[meindyr@eydirinn.is](mailto:meindyr@eydirinn.is)



[eydirinn.is](http://eydirinn.is)



## Heimsókn á lögreglustöðina

Nýlega fóru nemendur 1. bekkjar Landakotsskóla í heimsókn á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Sigríður Björk lögreglustjóri og Haraldur lögreglumaður tóku mjög vel á móti hópnum sem fékk fræðslu um störf lögreglunnar.

Pau fengu að setjast á bak lögreglumótorhjóls, heyra í sírenum og setjast inn í Svörtu-Maríu. Að lokum fengu börnin að setjast inn í fangaklefa og voru svo leyst út með lögreglubarmmerki eftir að hafa fengið kleinur og djús. Var þetta mjög skemmtileg og fræðandi heimsókn og hér má sjá fleiri myndir úr ferðinni.



Krakkarnir úr fyrsta bekk Landakotsskóla á tröppum lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri er fyrir miðri mynd í aftari röð.



Nauðsynlegt var að prufa mótorhjólíð.

## Ný hönnunarverslun við Hofsvallagötu



Hönnunarverslunin S/K/E/K/K hefur opnað í nýju sýningarrými í húsnæði verkamannabústaðanna að Hofsvallagötu 16 í vesturbæ Reykjavíkur. S/K/E/K/K er sýningarstýrð hönnunarverslun og sýningarrými sem helgar sig því sem hæst ber í alþjóðlegri samtímahönnun og handverki.

Gunnar M. Pétursson myndlistarmaður stendur að versluninni. Hann segir að annar og ört vaxandi þáttur í starfsemi skrekk sé þátttaka í framleiðslu einstakra muna í samstarfi við marga af fremstu hönnuðum samtímans á borð við David Taylor, HAHN Sthlm, And Anti Matter o.fl. Gunnar kveðst einblína á handgerðar vörur úr náttúrulegum efnivið því hann vilji bjóða upp á vöru sem unnin er af vandvirkni en komi ekki beint af færbandi. S/K/E/K/K er í senn verslun og sýningarrými fyrir framsæknar hönnunarvörur. Fyrirtækið mun vera það fyrsta eða í það minnsta hið eina sinnar tegundar í Vesturbænum. Verslunin er opin alla virka daga á milli kl. 10:00 og 13:00.



## Tilvalin sumargjöf fyrir dömur á öllum aldri



... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!

Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnstærð.

Helstu útsölastaðir í Reykjavík  
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.  
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif  
höfuðhandklæði  
elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



### HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



**Startrailer 1280**  
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.  
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**  
Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.  
Verð: 169.355 kr. án vsk.




**Gerð 1374**  
Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**  
Sturtanleg.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**  
Opnanleg að framan.  
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 350.807 kr. án vsk.,  
en með skráningu.



**Gerð 2331**  
Opnanleg að framan.  
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 431.452 kr. án vsk.,  
en með skráningu.



**Flatvagnar**  
Ýmsar stærðir og gerðir.  
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

### Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.  
Heimasíða: www.topplausnir.is

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17  
alla virka daga

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



# Nám eða notkun samskiptamiðla í skólastofum?

Á síðastliðnum árum hafa hrannast upp vísbendingar um að snjallsímar geti haft neikvæð áhrif á athygli, þroska og andlega heilsu barna og ungmenna. Niðurstöður rannsókna staðfesta að þeir nemendur sem hafa aðgang að síma í skólastofunni telja almennt að það efni sem þeir geta nálgast í símanum sé áhugaverðara en námsefnið, að þeir eiga erfiðara með að halda athyglinni á því sem kennarinn segir, að þeir eyða minna tíma en áður í að vinna með námsefnið, að þeir fá lægri einkunnir og að þeir eru óánægðari með frammistöðu kennarans en þeir sem fá ekki að hafa símann með sér. Eru þessi áhrif einkum tengd við notkun nemenda á samfélagsmiðlum.



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

## Sérfræðingar kveða sér hljóðs

Hér á landi hefur lítið farið fyrir umræðu um þessar rannsóknir. Efasemdarmenn telja að niðurstöður þeirra séu ekki marktækar. Aðrir telja að við getum ekki stöðvað þróunina á meðan enn aðrir telja að bann við notkun snjallsíma í skólastofum sé afturför og feli í sér forræðishyggju. Að undanförunu hafa íslenskir sérfræðingar kveðið sér hljóðs um áhrif snjalltækja á heilsu barna og ungmenna. Í umfjöllun Morgunblaðsins um rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur, prófessors við Columbia háskóla, kemur fram að aukinn kvíði og depurð ungmenna sé tengdur notkun þeirra á samfélagsmiðlum. Í viðtali blaðsins við Björn Hjálmarsson, barnalækni á Landspítalanum, bendir hann á að breyting sé að verða á hegðun barna í leik- og grunnskólum og að barnalæknasamtök BNA telji að skjátíma sex til átján ára barna eigi að takmarka við tvo tíma á dag.

## Borgarstjórn samþykkir að skoða málið

Á fundi borgarstjórnar 6. mars sl. lagði ég fram tillögu um að Reykjavíkurborg samþykkti bann við notkun snjallsíma í grunnskólum borgarinnar. Allir borgarfulltrúar utan mín greiddu atkvæði gegn tillögunni. – Fjórtað eitt, næstum því fjórtað tvö, eins og í landsleiknum gegn Dönnum forðum. – Það vakti athygli mína að hvorki Dagur B. Eggertsson borgarstjóri né Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, sáu ástæðu til að upplýsa borgarbúa um viðhorf sitt til bannsins. Þau viðbrögð sem ég fékk hins vegar í kjölfarið frá skólalæknendum, kennurum og foreldrum hvöttu mig til að halda áfram með málið. Og nú hefur verið stigið lítið skref í þá átt.

Á fundi borgarstjórnar síðastliðinn þriðjudag var samþykkt að fela skóla- og frístundasviði borgarinnar að efna til samráðs með fagaðilum og foreldrum um hvort tilefni sé til að takmarka snjalltækjanotkun og skjátíma nemenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Enda þótt tillagan sé almennt orðuð er a.m.k. komin hreyfing á málið. Auðvitað er sú hættu að málið „dagi“ uppi. Dagur á það nefnilega til að „svæfa“ málin með því að vísa þeim í nefnd. Til að koma í veg að svo verði er þess vegna þeim mun mikilvægara að greiða réttum frambjóðendum atkvæði sitt í borgarstjórnarkosningunum 26. maí nk.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi.

## PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

## Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

# Áfram Reykjavík

Það er margt spennandi í gangi í Vesturbænum um þessar mundir. Á undanförunum árum höfum við séð kaffihús og veitingastaði skjóta rótum og fjölga. Vesturbæjarlaug blómstrar og þessi gamalgróni borgarhluti vex og dafnar. Íbúðum er að fjölga við Keilugranda og Grandaveg. Áform eru uppi um nýja og fjölbreytta byggð í Skerjafirði, m.a. fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Framkvæmdir við nýjar íbúðir í Vesturbugt við hliðina á Slippnum eru að hefjast og búið er að steypa botnplötuna á stærsta stúdentagarði landsins við Sæmundargötu.

## Öflugt atvinnulíf í Vesturbænum

Uppbygging atvinnulífs í hverfinu er umfangsmikil. Á háskólasvæðinu ris frumkvöðlasetrið Gróska þar sem CCP verður með höfuðstöðvar sínar en stór hluti hússins mun fara undir lítil sprotafyrirtæki og fjölbreytt þjónusta verður á jarðhæð. Þetta er hluti af þekkingaruppbyggingu í Vatnsmýri sem er lyklatríði fyrir Reykjavík til framtíðar.

## Íþróttir og menning

Víða eru framkvæmdir í hverfinu. Ákveðið var að ráðast í endurgerð lóðar Grandaskóla, nýja viðbyggingu við Vesturbæjarskóla, endurgerð lóðar við Hagaskóla og nýja göngu- og hjólastíga í hverfinu, nú síðast við Birkimel. Við erum í samstarfi við Gróttu um uppbyggingu fimleikahúss fyrir krakkana í Vesturbænum. Þá er ótalin sú mikla uppbygging sem mun eiga sér stað undir forystu KR-inga við Frostaskjól sem við erum að þróa í sameiningu. Þar er framtíðarsýn um fótboltavelli, íþróttahús, íbúðir og hverfistengdþjónustu á jarðhæðum. Á Granda erum við að fara að opna nýja sýningu á Sjóminjasafninu ásamt endurbótum á húsnæðinu. Við höfum varðveitt Grandann sem

lifandi höfn, þar sem skapandi greinar, lítil og meðalstór fyrirtæki og litlir veitingastaðir og kaffihús þrífast. Og þar er víða menning. Hið magnaða myndlistarhús Marshall-húsið var opnað á síðasta ári en það er samstarfsverkefni HB Granda, Reykjavíkurborgar, Kling & Bang og Nýlistasafnsins en þar er Ólafur Elíasson líka með vinnustofu. Í sumar opnar matarmarkaður á jarðhæð Bakkaskemunnar undir forystu Sjávarklasans og nokkrir nýir veitingastaðir hafa verið að leggja inn leyfisumsóknir á svæðinu til að opna fyrir sumarið.



Dagur B. Eggertsson

## Um hvað er kosið?

Vesturbærinn hefur alltaf verið frábært hverfi en það verður ekki annað sagt en að hann hafi verið að þróast á skemmtilegan hátt undanfarin ár. Hverfið hefur verið leiðandi í breytingum sem aðrir íbúar borgarinnar kalla eftir og borgin vill styðja við. Og að sönnu hefur Reykjavík aldrei verið eins fjölbreytt og skemmtileg. Það er mikilvægt að áherslan á aukin lífsgæði íbúa verði áfram leiðarljós í stefnu borgarinnar. Í kosningunum í maí verður kosið um hvert Reykjavík stefnir. Samfylkingin býður fram öflugan lista fólks með reynslu, skýra framtíðarsýn og óbilandi metnað til að þróa góða, spennandi og græna borg fyrir alla. Ég hvet þig til að kjósa Samfylkinguna í vor. Áfram Reykjavík!

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

# FYRIRTAK

málningarþjónusta

www.fyrirtak.is

- fyrirtak@fyrirtak.is

- sími: 7707997

## LÍTIL VERK - STÓR VERK

OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

# coral<sup>®</sup>

## Dyra og hreinsimottur

### Stoppar 90% óhreininda

SIDUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

**EKKI LÁTA HÖFUÐVERKINN EYÐILEGGJA DAGINN**


**Reykjavíkur Apótek**

Hver freyðitafli inniheldur Asetýlsalicýlsýru 500 mg og koffín 50 mg. Freyðitafli skal leyst upp í vatni. Við vægum verkjum og migreni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjakra.is. MEDA AB. MEO180401-apríl 2018



**gæludýr.is**

# FISKISLÓÐ



**Við erum komin  
í vesturbæinn!**



## Gleðilegt fótboltasumar. Þú færð KR vörurnar hjá okkur.



Verið velkomin.

# Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108  
S: 588 1560



www.kr.is

#### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

#### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

## Stórstíga í grænum skrefum

Eitt brýnasta verkefni næstu ára og áratuga er að takast á við loftslagsbreytingar af mannavöldum og afstýra þeirri ógn sem steðjar að vistkerfi jarðarinnar vegna mengunar og útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Þetta er verkefni sem er alvarlegra og mikilvæga en svo að við getum firrt okkur ábyrgð eða beðið með aðgerðir.

### Borgarlína er ekki eina lausnin!

Á næsta kjörtímabili þurfum við að setja kraft í uppbyggingu borgarlínu, við þurfum að stórefla reiðhjólástígakerfið, byggja fleiri hleðslustöðvar fyrir rafbíla, draga úr plastnotkun, stórefla skógrækt til að auka kolefnisbindingu og draga úr mengun og neyslu. Borgin á að fara fyrir með góðu fordæmi og hvetja íbúana til þess að taka upp grænni lífsstíl.

Vistvænar samgöngur og borgarlína eru mikilvæg skref til þess að draga úr mengun og minnka kolefnisfótspor borgarbúa. En bílaumferð er aðeins hluti af vandamálinu. Á endanum er rót vandans óhófleg neysla og sóun sem eru því miður innbyggð í nútímasamfélag. Við kaupum og hendum of miklu. Of mikið af því sem við notum eru umbúðir eða einnota vörur.

### Minni sóun og grænni lífsstíll

Reykjavíkurborg á að leika mikilvægt hlutverk í því að draga úr neyslu og sóun. Það getur borgin gert með því að ganga fyrir með góðu fordæmi.

Borgin verður að draga úr notkun einnota umbúða og plasts. Mötuneyti í skólum og á vinnustöðum borgarinnar verða að draga úr matarsóun og bjóða upp á meira vegan og grænmetisfæði.

En borgin getur gert miklu meira. Við eigum til dæmis á að hvetja til og styðja borgarlandbúnað með fjölgun grenndargarða og með ráðgjöf við borgarbúa sem vilja stunda matjurtarækt í eigin gördum.

Borgargróðurhús sem nýta affalsvatn frá stórum byggingum, t.d. sundlaugum og íþróttamannvirkjum er annað mikilvægt skref sem við getum stigið.

Reykjavíkurborg á líka að stofna og styðja við vinnustofu á borð við þá sem starfrækt er á Akureyri, Restart Iceland, þar sem sjálfbóðaliðar kenna fólki að gera við minniháttar bílanir í rafmagnstækjum.

Á næsta kjörtímabili verður borgin ekki aðeins að taka fleiri og stærri grænni skref, heldur verður hún að styðja og hvetja íbúana til þess að taka græn skref. Ef við vinnum saman getum við náð árangri og gert Reykjavíkurborg græna í gegn. Verum græn í gegn.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi.



Líf Magneudóttir.

## Gerum betur

Um hverfið leggur ljúfan angan af nýbokuðu brauði. Ferskan fisk og afskorin blóm má nálgast við næsta götuhorn. Helstu nauðsynjar og góðir nágrannar mætast í öngþveiti Melabúðar. Rjúkandi kaffi og ljúffengur ís innan seilingar. Nærþjónustu má nálgast í góðu göngufæri. Fólk mætir fólki – og á samskipti. Vesturbærinn er lifandi.

Hverfið okkar blómstrar sem aldrei fyrr. Það er á ýmsan hátt fyrirmynd annarra borgarluta. Vesturbærinn er nú sjálfbær um heilmikla þjónustu og aðstæður kjörnar til útivistar og hreyfingar. Við íbúar hverfisins höfum ærna ástæðu til að fyllast stolti.

Þessi mikla gróska veldur því að íbúar annarra borgarluta telja Vesturbæinn hljóta sérmeðferð hjá borgarsjóði. Að hverfið hafi undirgengist dekurmeðferð frá borgaryfirvöldum. Sú er þó ekki raunin. Sannleikurinn er sá að hverfið okkar hefur setið á hakanum.

Öflug nærþjónusta hverfisins byggir fyrst og fremst á framtakssemi einstaklinga. Hugmyndaauðgi og dugnaði – sem borgaryfirvöld hafa raunar fremur veitt fyrirstöðu en hvatningu. Það tók til að mynda Borðið við Ægisíðu heila 724 daga að fá vínveitingaleyfi. Skrifræði og flækjustig sem eflaust olli vandræðum. Þetta er ekkert einsdæmi.

Við eigum heilmargt sem fyllir okkur stolti. Melaskóli er ein sögufrægasta bygging borgarinnar. Viðhaldi er ábótavant og byggingin ræður illa við

nemendafjöldann. Ægisíðan er þekkt útivistarparadís. Skolp og sorp flæða um fjörunnar með tilheyrandi umhverfistjóni. Hjarta hverfisins slær hjá KR í Frostaskjól. Sennilega hefur ekkert íþróttafélag borgarinnar upplifað annað eins fjársveldi síðustu ár. Á sama tíma gera borgaryfirvöld milljarða samninga við önnur íþróttafélög.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill styðja betur við Vesturbæinn. Við viljum stækka húsnæði Melaskóla svo aðstaða kennara og nemenda verði viðunandi. Við viljum veita KR þá aðstöðu og stuðning sem félaginu ber. Tryggja þarf eðlilega starfsemi dælustöðva svo skolp og annar úrgangur rati ekki í fjörunnar hverfisins. Stórbæta þarf aðgengi að endurvinnslu sorps. Hreinsa þarf bæjarhlutann – og borgina alla.

Stöndum vörð um hverfið okkar. Gerum betur fyrir Vesturbæinn.

Höfundur er íbúi Vesturbæjar og skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Hildur Björnsdóttir.

## Heiðarleika í umhverfismálum

Ströndin meðfram Skjólunum, Ægisíðu og inn í Fossvoginn er einstök náttúruperla sem Vesturbæingar njóta í síauknum mæli, allan ársins hring. Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu eru elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík. Þeir eru í miklu uppáhaldi þeirra sem þar njóta útiveru og skólarnir hafa lengi nýtt sér þann vettvang til fræðslu um sjósókn og lífríki fjörunnar. Þessar slóðir hafa verið uppspretta ljóða og myndefni myndlistarmanna og ljósmyndara. Þarna voru lagðir fyrstu göngustígarnir í núverandi mynd enda iða þeir af mannlífi á góðviðrisdögum með börn að tína skeljar í fjörunni og hunda á hlaupum á meðan þeir eldri tylla sér á stein og njóta sjávarloftsins.

En nú er því miður ekki lengur hægt að treysta því að fjaran sé hrein og ómengd. Leiðinlegt umhverfisóhapp varð á þessum slóðum í byrjun síðasta sumars þegar óhreinsað skólp rann í sjó fram svo vikum skipti. Það sem vakti athygli var að borgaryfirvöld sáu ekki minnstu ástæðu til að vara íbúana við og upplýsa almenning um atvikið heldur var það athugull íbúi sem benti fjölmiðlum á að óhreinsað skólp rynni út í sjó við Faxaskjól.

Borgarstjórnin, Dagur B. Eggertsson, lét sér hins vegar fátt um finnast og gætti þess sérstaklega að beita fyrir sig embættismönnum og fjölmiðladeild Ráðhússins. Hann lét ekki ná í sig frekar en fyrri daginn þegar óþægileg mál koma upp. Af minna tilefni hefur þó verið blásið til blaðamannafundar í Ráðhúsinu.

Einhverjir myndu halda að borgaryfirvöld hefðu lært sína lexíu af þessu öllu saman og aukið

umhverfissvaktina við ströndina í kjölfarið. En svo var nú heldur betur ekki, því fyrir skömmu, var það svo aftur íbúi sem benti á það með Facebookfærslu sinni að óhreinsuðu skólpi hefði skolað á land við Ægisíðuna.

Í stað þess að bregðast strax við, hefja hreinsun og senda út tilkynningar og biðja íbúa afsökunar á þessum slóðaskap og mistökum, heyrðist ekkert frá borgarstjórnunum um málið. Upplýsingafulltrúi Veitna bætti hins vegar gráu ofan á svart með því að efna til viðburðar á sunnudags eftirmiðdegi og hvatti íbúa til að koma og plokka upp skólpið.

Öll þessi tilvik og ekki síður viðbrögð borgaryfirvalda hafa snúist upp í neyðarleg ófugmæli við loforð um ábyrgð, upplýsingaskyldu og skilvirka stjórnsýslu. Allir gera einhvern tímann mistök og óhöpp geta alltaf átt sér stað en þá skiptir mestu að greina frá mistökunum og læra af þeim svo þau endurtaki sig ekki.

Þessu þarf að breyta, við stöndum ekki vörð um umhverfi okkar og góða stjórnunarhátti með innantómu orðagjálfrí. Við gerum þá lágmarkskröfu til stjórnmalamanna að þeir sýni umhverfi sínu og samfélagi lágmarks virðing.

Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi.



Marta Guðjónsdóttir.




GETRAUNANÚMER  
KR ER 107





# Mætum á völlinn í sumar og styðjum KR til sigurs!







### Grandatilboð

Skófla og kústur

Sett.

**3.495**

5560136

Almennt verð: 4.995

**Broil King**  
Great Barbecues Every Time



kilóvött **6,9** brennarar **3**

### Grandatilboð

Gasgrill

GEM 320, eldunarsvæði:  
2774 cm².

**34.995**

50657519

Almennt verð: 49.995



### Grandatilboð

Pallaolía

Glær eða gyllt, 3l.

**1.995**

80602501/2

Almennt verð: 2.495

### Grandatilboð

Matarstell

Hvít - 30stk.

**4.375**

41100119

Almennt verð: 7.295



### Grandatilboð

Garðbekkur

ISLANDIC, tveggja eða þriggja sæta.  
Verð frá:

**18.895**

0291473/4

Almennt verð frá: 26.995

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 8-18  
LAUGARDAGA 10-18  
SUNNUDAGA 10-16



### Grandatilboð

Pallaolía

Glær eða gyllt, 3l.

**1.995**

80602501/2

Almennt verð: 2.495



**BOSCH**

### Grandatilboð

Rafhlöðuborvél

PSR 18V, tvær Li 2,5 Ah  
rafhlöður, hleðslutæki og  
taska.

**22.495**

74864131

Almennt verð: 29.995

### Grandatilboð

Rafhlöðuborvél

PSB 18V, tvær Li 2,5 Ah  
rafhlöður, hleðslutæki og  
taska.

**27.745**

74864134

Almennt verð: 36.995



**BOSCH**

### Grandatilboð

Ferðataska

Cabin case.

**8.395**

41114756

Almennt verð: 11.995



### Grandatilboð

Verkfærasett

12V sett 5stk, 3x2,0Ah  
rafhlöður, í L-BOXX tösku.

**47.445**

74874154

Almennt verð: 72.995

**BOSCH**



### Grandatilboð

Ferðagasgrill

G-600. Blátt eða svart.

**17.495**

50632099/100

Almennt verð: 24.995



kilóvött **2,4** brennarar **1**

### Grandatilboð

Blómaker

Gagnvarin fura, margar stærðir.  
Verð frá:

**3.045**

0291460 - 1537

Almennt verð frá: 3.795



**Við grillum  
pýlsur á  
laugardag  
frá 13-15**

**25%**  
afsláttur  
Reiðhjóla-  
fylgihlutir

**30%**  
afsláttur  
Inni- og  
útiljós

**30%**  
afsláttur  
mottur &  
dreglar

**25%**  
afsláttur  
Blómapottar

kilóvött **8,8**

brennarar **3**

**Broil King**  
Great Barbecues Every Time

### Grandatilboð

Gasgrill

MONARCH 320.

**48.995**

50657511

Almennt verð: 69.995



# BYKO GRANDI ER 10 ÁRA!

Afmælistilboð gilda aðeins í verslun Granda 26.-30. apríl

Tilboð gilda aðeins í verslun BYKO Granda til 30. apríl eða á meðan birgdir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndbreytingu.

**BYKO  
GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!